

## SAMSTARFSNEFND UM ENDURMENNTUN FRAMHALDSSKÓLAKENNARA; SEF

### Ársskýrsla 2016

Hlutverk SEF er að ráðstafa því fé sem mennta- og menningarmálaráðuneytið úthlutar til endurmenntunar framhaldsskólakennara ár hvert. Nefndin fer yfir umsóknir og gerir tillögur um styrkveitingar. Nefndin mótar jafnframt stefnu sjóðsins, m.a. tegund verkefna sem styrkt eru og verklagsreglur.

Stjórn SEF árið 2016 skipuðu:

- Sigurjón Mýrdal, fulltrúi menntamálaráðuneytis og formaður nefndarinnar
- Edda Kjartansdóttir, fulltrúi Háskóla Íslands
- Kristinn Þorsteinsson, fulltrúi Skólameistarafélags Íslands (Kristinn fór í námsleyfi um haustið og leysti Steinn Jóhannsson hann af á seinni hluta ársins)
- Anna María Gunnarsdóttir og Hanna Björg Vilhjálmisdóttir, fulltrúar Félags framhaldsskólakennara.

Nefndin hélt fimm fundi á árinu:

- 17. mars (nefndarfundur og úthlutunarfundur sumarnámskeiða)
- 23. júní (nefndarfundur)
- 27. október (nefndarfundur)
- 28. nóvember (formannafundur faggreinafélaga)
- 8. desember (nefndarfundur)

#### Starfsemi

Stjórn SEF ákvað að halda áfram að veita styrki til þriggja styrkjaflokka: sumarnámskeiða, gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkja og einingabærra námskeiða í háskólum fyrir kennara, en síðastnefndi flokkurinn var tekinn inn í starfsemina árið 2015. Umsóknarfrestur sumarnámskeiða var 1. febrúar og umsóknarfrestur gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkja var 11. október. Ekki var um eiginlegan umsóknarfrest að ræða í einingarbæra háskólanáminu en Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík sáu um skráningu nemenda sem og að innheimta styrki.

Nokkur afgangur varð á rekstri SEF árið 2015 og voru færðar rúmar 8 milljónir króna á milli ára svo 46,0 milljónir króna voru til ráðstöfunar árið 2016. Staða SEF hefur verið sterk um nokkurt skeið og hefur stjórnin unnið að því að losna við þann „þeningahala“ sem myndast hefur hjá sjóðnum enda er það stefna hans að koma út á sléttu. Var því á árinu 2016 ákveðið að hækka gestafyrirlesarastyrki úr 30.000 kr. í 80.000 kr. og ráðstefnustyrki úr 200.000 kr. á hvern einstakling upp í 250.000 kr.

Afgangur ársins 2016 nam tæpum 6,7 m.kr. en þess ber þó að geta að í þeirri tölu eru ógreiddir ráðstefnu- og gestafyrirlesarastyrkir sem gerðir verða upp á árinu 2017.

Umsýslu sjóðsins annaðist Jón Svanur Jóhannsson, starfsmaður Rannís. Rannís sér um rafrænt umsóknarkerfi, lokaskýrslur og tölfraði, upplýsingagjöf til umsækjenda, utanumhald funda stjórnar og greiðslur styrkja.

## Fjárhagsuppgjör

### Fjárhagsstaða sjóðs SEF desember 2016

Af fjárlagalið	38.000.000
<u>Fært frá 2015</u>	<u>8.017.758</u>
	46.017.758

### Útgjöld

Sumarnámskeið	23.834.262
Ferðakostnaður kennara af landsbyggðinni	2.642.694
Gestafyrirlestra- og ráðstefnustyrkir	7.300.000
Umsýsla Rannís	2.753.827
Vettvangsnám 2016-17	1.395.000
<u>Einingabært nám í háskólum 2016-17</u>	<u>1.425.000</u>
	39.350.783

### Sumarnámskeið

Haldin voru 24 sumarnámskeið á árinu 2016 og samtals 528 kennarar sóttu námskeiðin. Meðallengd námskeiða var 2,6 dagar. Sex námskeið voru haldin erlendis og 18 á Íslandi að þessu sinni, þar af voru 13 námskeið haldin hjá EHF og fimm hjá öðrum bókhaldsskyldum stofnunum.

Tafla 1. Sumarnámskeið innanlands

Námskeiðshaldari	Nafn - Fagfélag	Heiti námskeiðs	Styrkupp hæð
Endurmenntun HÍ	Fagfélag hársnyrtikennara	<i>Modul 2: Klipp, farge og stýling (varighed 4)</i>	1.573.418
Endurmenntun HÍ	Félag íslenskra sérkennara	<i>Kvíði ungmenna</i>	633.330
Endurmenntun HÍ	Félag félagsfræðikennara	<i>Fjötrrar upplýsingasamfélagsins og námsmat</i>	791.399
Endurmenntun HÍ	Félag þýzkukennara	<i>Sprechfertigkeit in der Praxis: Sprechfertigkeit üben mit großen Gruppen</i>	836.862
Endurmenntun HÍ	Félag raungreinakennara	<i>Náttúruvá</i>	688.050
Endurmenntun HÍ	STÍL – Samtök tungumálakennara	<i>Námsmat á grundvelli Evrópurammans: hlustun og lesskilningur</i>	793.590
Endurmenntun HÍ	Samtök sálfræði- og uppeldisfræðikennara	<i>Fjallað um nýjungar í þroska- og félagssálfræði</i>	503.892
Endurmenntun HÍ	Félag náms- og starfsráðgjafa	<i>Geðheilsa – verkfæri fyrir náms- og starfsráðgjafa</i>	605.360

<b>Endurmenntun HÍ</b>	Félag raungreinakennara	<i>Verkleg kennsla í efnafræði</i>	1.063.974
<b>Endurmenntun HÍ</b>	Samtök móðurmálskennara	<i>Menningararfurinn allur?</i>	1.317.876
<b>Endurmenntun HÍ</b>	Samlíf – Samtök líffræðikennara	<i>Ónæmisfræði</i>	499.480
<b>Endurmenntun HÍ</b>	FLÍF – Félag lífsleiknikennara í framhaldsskólum	<i>Markþjálfun</i>	887.900
<b>Endurmenntun HÍ</b>	Félag starfsbrautakennara	<i>Í skýjunum</i>	893.270
<b>Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ</b>	Skólameistarafélag Íslands	<i>Leiðsagnarmat</i>	988.800
<b>Tækniskólinn</b>	FTK – Félag tölvunar- og kerfisfræðikennara í framhaldsskólum	<i>Samstæðustjórnun</i>	243.364
<b>Fjölbrautaskólinn í Breiðholti</b>	3f – Félag um upplýsingatækni og menntun	<i>Forritun fyrir alla</i>	899.925
<b>Listaháskóli Íslands</b>	SLHF – Samtök list- og hönnunarkennara á framhaldsstigi	<i>Stafrænir miðlar og listkennsla</i>	470.600
<b>Listaháskóli Íslands</b>	SLHF – Samtök list- og hönnunarkennara á framhaldsstigi	<i>Sjálfbærni</i>	1.493.845

Tafla 2. Sumarnámskeið erlendis

Land	Nafn - Fagfélag	Heiti námskeiðs	Styrkupp hæð
<b>Holland</b>	Félag kennara í rafiðngreinum	<i>Lighting in the Past, the Present and the Connected Future</i>	1.455.000
<b>Danmörk</b>	Félag dönskukennara	<i>Nye metoder í undervisning &amp; evaluering</i>	1.934.000
<b>Bretland</b>	Félag enskukennara	<i>A Brief History of Love, Race and Literature in Yorkshire</i>	1.141.165
<b>Spánn</b>	FATEX – Félag fata- og textílkennara í framhaldsskólum	<i>Fab Lab</i>	1.134.012
<b>Austurríki/ Slóvenía</b>	Samtök kennara í viðskipta- og hagfræðigreinum	<i>Entrepreneurship Education – Regional and International</i>	1.485.920
<b>Kúba</b>	Félag spænskukennara	<i>Tunga, menning og saga Kúbu</i>	598.125

### Gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkir

Um er að ræða tvenns konar styrki; annars vegar má veita faggreinafélögum og menntaskólum styrk til að senda mest tvo einstaklinga á ráðstefnu erlendis og hins vegar styrk sem nýta má í heimsókn gestafyrirlesara í félagið eða skólann. Ein umsóknarlota var að hausti og rann fresturinn út þann 11. október en styrktímabilið er frá 1. nóvember 2016 til 31. október 2017. Stjórn SEF ákvað að hækka styrkuppþæðirnar áður en auglýst var fyrir umsóknir og var upphæð gestafyrirlesarastyrkja ákveðin 80.000 kr. í stað 30.000 kr. áður og upphæð ráðstefnustyrkja var hækkuð úr 200.000 kr. á hvern einstakling upp í 250.000 kr. á mann.

53 umsóknir bárust fyrir samtals 79 einstaklinga; 22 gestafyrirlesara og 57 ráðstefnubátttakendur. Heildarupphæð umsókna var kr. 16.010.000. Hlutu 53 þátttakendur ráðstefnustyrk og allir 22 umsækjendur gestafyrirlesarastyrk, þó sumir með þeim fyrirvara að nánari upplýsingar um fyrirlesturinn yrðu veittar þegar nær atburðinum drægi. Tveimur umsóknum var hafnað. Samtals námu styrkveitingar kr. 15.010.000. Eftirfarandi aðilar hlutu styrk:

Tafla 3. Gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkir 2016-2017

Fagfélag/Skóli	Tegund styrks	Styrkuppþæð
Fagfélag félags stjórnenda í framhaldsskólum	2 ráðstefnustyrkir	500.000
FATEX – Félag fata- og textílkennara í framhaldsskólum	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
Félag dönskukennara	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
Félag enskukennara	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
Félag fagkennara í tré- og byggingagreinum	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
Félag félagsfræðikennara	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
Félag frönskukennara	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
Félag kennara í málmiðngreinum	2 ráðstefnustyrkir	500.000
Félag náms- og starfsráðgjafa	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
Félag raungreinakennara	1 ráðstefnustyrkur og 1 gestafyrirlesarastyrkur	330.000
Félag spænskukennara	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
Félag starfsbrautakennara í framhaldsskólum	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
Félag sögukennara	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
FLÍSS – Félag um leiklist í skólastarfi	2 ráðstefnustyrkir	500.000
Félag þýzkukennara	2 ráðstefnustyrkir	500.000

<b>Fjölbrautaskóli Suðurlands</b>	1 gestafyrirlesarastyrkur	80.000
<b>Fjölbrautaskólinn í Breiðholti</b>	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
<b>Fjölbrautaskólinn í Garðabæ</b>	1 ráðstefnustyrkur og 1 gestafyrirlesarastyrkur	330.000
<b>Fjölbrautaskólinn við Ármúla</b>	2 ráðstefnustyrkir	500.000
<b>Flensborgarskólinn í Hafnarfirði</b>	1 ráðstefnustyrkur	250.000
<b>FLÍF – Félag lífsleiknikennara í framhaldsskólum</b>	2 ráðstefnustyrkir	500.000
<b>Framhaldsskólinn á Húsavík</b>	1 gestafyrirlesarastyrkur	80.000
<b>Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum</b>	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
<b>Menntaskólinn á Ísafirði</b>	2 ráðstefnustyrkir	500.000
<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	1 ráðstefnustyrkur	250.000
<b>Samtök kennara í viðskipta- og hagfræðigreinum</b>	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
<b>Samtök líffræðikennara – Samlíf</b>	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
<b>Samtök móðurmálskennara</b>	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
<b>Samtök sálfræði- og uppeldisfræðikennara</b>	1 ráðstefnustyrkur og 1 gestafyrirlesarastyrkur	330.000
<b>STÍL – Samtök tungumálakennara</b>	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
<b>Verkmenntaskóli Austurlands</b>	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000

Reykjavík 27. mars 2017

Jón Svanur Jóhannsson, Rannís